

**Nr. 066 / 10 Drífa NK 30****Vélarvana og dregin í land**

Skipaskr.nr. 6909  
Smíðaður: Hafnarfjörður 1987, plast  
Stærð: 9,3 brl. 9,6 bt.  
Mesta lengd: 9,93 m Skráð lengd: 9,78 m  
Breidd: 3,23 m Dýpt: 1,55 m  
Vél: Iveco 148 kW, 2004  
Fjöldi skipverja: 1

**Gögn:**  
Gögn RNS



Drífa©NN

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. maí 2010 var Drífa NK 30 út af Kópanesi. Veður: Hægviðri, norðurfall.

Drífa NK var á siglingu til Bíldudals af miðunum á Breiðafirði eftir grásleppuúthald. Þegar báturinn var staddur um eina og hálfa sml. vestur af Kópanesi fann bátsverjinn að titringur kom frá skrúfunni. Áður en honum gafst tími til að slá af og kúpla frá rofnaði tengi á skrúfuöxlinum.

Formaðurinn óskaði eftir aðstoð og fór línubáturinn Selma Dröfn BA 21 frá Bíldudal og dró Drífu NK til Patreksfjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn formanns kom netadræsa með flotteini, sem var á reki, í skrúfuna með þeim afleiðingum að boltar í sveigjutenginu brotnuðu allir nema einn. Þessi eini varð til þess að skrúfuöxullinn aftan við tengið slóst út og bognaði því öxullinn.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.